

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Kröfur, sem rísa kunna á grundvelli þessara laga, fýrnast á einu ári frá því móttakandi kvittar fyrir móttöku vörunnar, eða á einu ári og tveimur mánuðum frá því að vara var afhent til flutnings, sé ekki um kvittun móttakanda að ræða.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1982.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olúgjald, er nemi 7,0% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjár sjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1,0% olúgjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1982 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.